

Héraðsdómur Vesturlands



ÚRSKURÐUR

Mál nr. X-297/2024

Marcin Lukasz Zurowski
(*Daníel Isebarn Ágústsson lögmaður*)

gegn

Þrotabúi Skagans 3X ehf.
(*Helgi Jóhannesson lögmaður*)

Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari

1. apríl 2025

Úrskurður Héraðsdóms Vesturlands 1. apríl 2025

I. Dómkröfur, aðild og málsmeðferð

1. Mál þetta hófst með bréfi skiptastjóra varnaraðila 21. nóvember 2024 til dómsins sem barst sama dag, en þar var ágreiningi undir skiptum á þrotabúinu vísað til úrlausnar dómsins.

2. Sóknaraðili er Marcin Lukasz Zurowski, [...], [...], og varnaraðili er þrotabú Skagans 3X ehf. sem starfrækt var einkum á Akranesi og átti varnarþing þar.

3. Sóknaraðili krefst þess að viðurkennt verði að krafa hans, að fjárhæð 8.341.826 kr., njóti stöðu í réttindaröð samkvæmt 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. við gjaldþrotaskipti á varnaraðila, þrotabúi Skagans 3X ehf. Jafnframt krefst hann málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

4. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað og að staðfest verði með dómi afstaða skiptastjóra varnaraðila til kröfu sóknaraðila nr. 92 á kröfuskrá, þ.e. að 3.424.250 kr. af lýstri kröfu verði samþykktar sem forgangskrafa samkvæmt 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., en að 4.917.576 kr. af lýstri kröfu verði hafnað. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

5. Málið var þingfest 5. desember sl. Aðalmeðferð málsins fór fram föstudaginn 21. mars sl., í dómsal dómsins í Borgarnesi. Við aðalmeðferð gaf skýrslu fyrir dómi [...], fyrrum starfsmannastjóri Skagans 3X ehf. Málið var rekið og flutt fyrir dómi samhliða máli annars fyrrum starfsmanns félagsins, nr. X-298/2024, en málin eru varðandi málsatvik, málsástæður og lagarök að langmestu leyti eins.

II. Málsatvik

6. Sóknaraðili er málmiðnaðarmaður og félagsmaður í Verkalýðsfélagi Akraness og um ráðningarsamband aðila gildi kjarasamningur Samiðnar og Samtaka atvinnulífsins.

7. Sóknaraðili hóf störf hjá hinu gjaldþrota félagi sumarið 2007 samkvæmt ráðningarsamningi frá 17. júlí 2007. Sóknaraðili var við störf hjá félaginu allt þar til það var úrskurðað gjaldþrota með úrskurði Héraðsdóms Vesturlands, uppkveðnum 4. júlí 2024, eða í tæp 17 ár. Aðilar málsins voru sammála um að ráðningarsamningar hafi alla jafnan ekki verið gerðir við aðra starfsmenn í

sambærilegum störfum hjá félaginu, sbr. og skýrslu [...] fyrir dómi, nema þegar þörf var á í tengslum við starfsleyfi erlendra starfsmanna.

8. Ráðningarsambandinu var slitið með tilkynningu frá skiptastjóra 9. júlí 2024 og tók uppsagnarfrestur við frá og með næstu mánaðamótum þar á eftir.

9. Á þeim rúmu 17 árum sem sóknaraðili starfaði hjá fyrirtækinu vann hann að sögn alltaf mikla yfirvinnu. Yfirvinna var þannig ekki að sögn sóknaraðila tilfallandi heldur regla í vinnusambandinu og hluti af því. Þannig hafi hið raunverulega ráðningarsamband aðila falið í sér töluverða yfirvinnu í hverjum einasta mánuði.

10. Sóknaraðili bendir þannig á að síðustu þrjá mánuði fyrir úrskurðardag hafi hann til dæmis unnið að meðaltali 110,7 yfirvinnutíma á mánuði, sbr. útgefna og framlagða launaseðla, eða sem nemi að meðaltali um fimm yfirvinnutímum fyrir hvern virkan dag. Einnig hafi hann unnið sambærilega yfirvinnu síðustu dagana fyrir gjaldþrot.

11. Með kröfulýsingu 6. september 2024 lýsti sóknaraðili forgangskröfu í þrotabúið að fjárhæð 8.341.826 kr. Krafa samanstóð annars vegar af launum vegna tímabilsins frá 25. júní 2024 til úrskurðardags, 4. júlí 2024, en sóknaraðili var við störf hjá varnaraðila á því tímabili. Hinn hluti kröfunnar var vegna launa á uppsagnarfresti, þ.e.a.s. frá og með 5. júlí og til mánaðamóta júlí/ágúst og næstu þrjá mánuði þar á eftir, ágúst, september og október 2024.

12. Til viðbótar var gerð krafa um greiðslur sem fylgja skulu launum samkvæmt kjarasamningi og koma til greiðslu við starfslok, þ.e.a.s. orlof, orlofs- og desemberuppbætur.

13. Krafa sóknaraðila byggir annars vegar á tímaskráningu hjá varnaraðila og hins vegar á síðustu útgefnu launaseðlum í ráðningarsambandinu. Nánar tiltekið var krafa reiknuð út með þeim hætti að vegna tímabilsins 26. júní til og með 4. júlí 2024 var miðað við raunverulega unna tíma samkvæmt tímaskráningarkerfi varnaraðila. Vegna tímabilsins 5. júlí til og með 31. október 2024 eru vinnutímar sóknaraðila áætlaðir í samræmi við meðaltal síðustu þriggja mánaða í starfi, þ.e.a.s. apríl, maí og júní 2024.

14. Krafa sóknaraðila er nr. 92 í kröfuskrá þrotabúsins. Skiptastjóri samþykkti kröfu sóknaraðila að hluta, eða samtals að fjárhæð 3.424.250 kr., en hafnaði að hluta, eða samtals að fjárhæð 4.917.576 kr. Höfnun skiptastjóra byggðist á því að verið væri að krefja um laun fyrir yfirvinnu

sem ekki var unnin á uppsagnarfresti. Skiptastjóri taldi að hvorki kjarasamningur né ráðningarsamningur aðila fæli í sér rétt til greiðslu fyrir yfirvinnu sem aldrei hafi verið unnin, enda hefði félagið alfarið hætt starfsemi á úrskurðardegi.

15. Sóknaraðili mótmælir afstöðu varnaraðila. Ekki er í málinu deilt um lengd tímabilsins, útreikninga eða önnur atriði.

III. Málsástæður og lagarök sóknaraðila

16. Sóknaraðili vísar til þess að samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, teljist til forgangskrafna kröfur um laun og annað endurgjald fyrir vinnu í þágu þrotamanns sem fallið hafa í gjalddaga á síðustu 18 mánuðum fyrir frestdag. Samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, teljist jafnframt til forgangskrafna kröfur um bætur vegna slita á vinnusamningi. Bótatímabil afmarkast af uppsagnarfresti en í þessu máli er lengd tímabilsins óumdeild.

17. Sóknaraðili eigi að verða eins settur og hann hefði verið ef fyrirtækið hefði ekki orðið gjaldþrota og vinnusamningi ekki slitið. Yfirvinna hafi verið hluti af ráðningarsambandi aðila og því beri að gera ráð fyrir yfirvinnu við mat á bótum vegna slita á vinnusamningnum.

18. Sóknaraðili hafi unnið mikla yfirvinnu í hverjum mánuði og yfirvinna þannig orðin reglan í vinnusambandinu en ekki tilfallandi. Skipti þá engu hvort litið yrði svo á að venja hafi myndast um stöðuga yfirvinnu eða að aðilar hafi samið svo um. Aðalatriðið sé að yfirvinnan hafi verið mikil í hverjum mánuði. Ekkert bendi til þess að það hefði breyst ef fyrirtækið hefði haldið áfram í rekstri. Sóknaraðili hefði þannig að óbreyttu haldið áfram að vinna yfirvinnu í hverjum mánuði. Varnaraðili beri sönnunarbyrði fyrir því að annað hefði gerst og vinnusamband aðila breyst.

19. Krafa sóknaraðila sé fjárhæð sem svari til þeirra launa sem sóknaraðili hefði haft ef vinnusambandinu hefði ekki verið slitið. Krafan byggir á áætluðum vinnutíma sóknaraðila á uppsagnarfresti í samræmi við meðaltal síðustu þriggja mánaða fyrir gjaldþrotið.

20. Forgangskröfur samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti taki ekki einungis til missis grunnlauna heldur allra þeirra launa sem starfsmaður hafi verið með þegar vinnusambandi var slitið vegna gjaldþrots. Við afmörkun á því sem falli undir ákvæðið verði þannig að líta til ráðningarsambands aðila í heild. Þannig þurfi að bæta raunverulegt tjón starfsmanns miðað við raunverulegt efni vinnusambands.

21. Það sé ekki tilgangur ákvæðisins að rýra kjör starfsmanns á uppsagnartíma heldur bæta honum það tjón sem hann sannanlega verður fyrir. Þegar kannað sé hvert raunverulegt vinnufyrirkomulag hafi verið dugi ekki að styðjast eingöngu við skriflegan samning heldur þurfi að kanna allar aðstæður svo tryggt verði að launþegi missi ekki réttmætar bætur á grundvelli þess að atvinnurekandi hafi vanrækt að lýsa vinnusambandinu réttilega með skriflegum hætti.

22. Hið gjaldþrota fyrirtæki hafi litið svo á starfsmenn í framleiðslu væru ekki með samning um föst dagvinnulaun og yfirvinna væri almennt hluti af starfsskyldum og þar með hluti af ráðningarkjörum þessara starfsmanna. Af launaseðlum megi einnig ráða að sóknaraðili hafi ekki verið á föstum mánaðarlaunum. Þess í stað hafi verið greitt samkvæmt unnum tímum í hverjum mánuði en þeir hafi jafnan verið mun fleiri en teljast til dagvinnustunda. Þetta styðjist við framlögð gögn.

23. Sá samningur sem lagður hafi verið fram sé ekki rétt lýsing á hinu raunverulega vinnusambandi, sérstaklega ekki 17 árum síðar. Þá sé ljóst að formið hafi verið fyllt út einhliða af atvinnurekanda og einungis lagt fyrir starfsmann til undirritunar. Ekki sé þannig um að ræða afrakstur samningaviðræðna aðila. Í ráðningarsamningi aðila komi fram að sóknaraðili skyldi vinna 40 klukkustundir í dagvinnu. Enginn nýr samningur hafi verið gerður við þann upphaflega frá 2007 þótt ráðningarkjör hafi tekið miklum breytingum á þeim tíma og ráðningarsambandið þróast. Atvinnurekandi beri ábyrgð á því að gera ráðningarsamning og hafi hann ekki sinnt þeirri skyldu að gera skýran skriflegan samning í samræmi við raunveruleg kjör verði varnaraðili að bera hallann af því en ekki starfsmaðurinn. Allan vafa um túlkun ráðningarsamnings beri á grundvelli almennra reglna samninga- og vinnuréttar að túlka sóknaraðila í hag.

III. Málsástæður og lagarök varnaraðila

24. Varnaraðili vísar til þess að þrotabúið hafi hætt allri starfsemi á úrskurðardegi, þann 4. júlí 2024. Ekki hafi verið óskað eftir vinnuframlagi frá sóknaraðila frá þeim tíma, hvorki dagvinnu né yfirvinnu.

25. Yfirvinna við framleiðslu hjá hinu gjaldþrota félagi hafi á sumum tímum verið mikil en á öðrum tímum minni. Það hafi farið eftir verkefnum hverju sinni, þ.e. hún hafi verið tilfallandi og tekið mið af verkefnastöðu fyrirtækisins, þ.e. hvernig gengið hafi að selja lausnir félagsins. Þar hafi aldrei verið á vísan að róa. Ráðningarsamband aðila hafi ekki falið í sér neina skuldbindingu um tiltekinn fjölda yfirvinnutíma.

26. Á síðustu dögum og vikum í starfsemi fyrirtækisins hafi verið keppst við að ljúka í tæka tíð við smíði búnaðar vegna stórs og mikilvægs sölusamnings. Aukin yfirvinna á þeim tíma hafi engin fyrirheit gefið um það sem koma skyldi. Fyrirtækið hafi þá verið komið að fótum fram og mjög lítil verkefni framundan og því fráleitt að halda því fram að yfirvinna hefði áfram verið jafn mikil eftir 4. júlí og vikurnar og mánuðina á undan. Ef fyrirtækið hefði haldið áfram rekstri án þess að þörf væri á yfirvinnu hefði sóknaraðili enga slíka fengið greidda.

27. Engir almennir starfsmenn í framleiðslu hins gjaldþrota félags, eins og sóknaraðili, hafi verið á föstum mánaðarlaunum eins og almennt sé litið á föst mánaðalaun. Slíkir starfsmenn hafi fengið greidda unna (innstimplaða) tíma, hvort heldur það hafi verið í dagvinnu eða yfirvinnu. Það sé almenn grundvallarregla í framleiðslustörfum, a.m.k. eins og þeim sem hið gjaldþrota félag hafi unnið að.

28. Fæstir starfsmenn í framleiðslu hafi verið með skriflegan ráðningarsamning. Starfsmenn hafi verið ráðnir til starfa á grundvelli kjarasamninga síns stéttarfélags og aldrei verið ágreiningur um þá tilhögun mála. Þó að skriflegir ráðningarsamningar hefðu verið gerðir hefði það ekki breytt grundvelli ágreinings þessa máls. Starfsmenn í framleiðslu hefðu ekki við það eitt fengið þau auknu réttindi að fá óunna yfirvinnu greidda. Hafnað sé þeirri málsástæðu sóknaraðila að hinu gjaldþrota félagi hafi borið að gera skriflega ráðningarsamninga.

29. Sóknaraðili hljóti að bera sönnunarbyrðina fyrir því að hann hafi átt rétt á því að fá greitt fyrir vinnu sem hann aldrei vann. Sóknaraðili geti ekki bent á neitt dæmi um að sú hafi verið raunin í hans tilviki. Hann hafi ávallt fengið uppgert samkvæmt raunverulega unnum yfirvinnutímum.

IV. Niðurstaða

30. Enginn tölulegur ágreiningur er gerður um þann hluta krafna sóknaraðila sem samþykktur var sem forgangskrafa, heldur snýr ágreiningurinn hér einvörðungu um það hvort samþykkja beri alla lýsta kröfu sóknaraðila sem forgangskröfu í þrotabúið (varnaraðila) samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991, eða einungis hluta hennar í samræmi við afstöðu skiptastjóra búsins. Sú afstaða skiptastjóra felur í sér, samkvæmt því sem fram er komið í málinu, að engar líkur eru á því að sá hluti kröfunnar sem ekki er samþykktur sem forgangskrafa fáist greiddur af eignum þrotabúsins. Sóknaraðili á því augljósa hagsmuni af því að fá sem stærstan hluta af kröfu sinni felldan undir 112. gr. laganna, eftir atvikum einnig vegna þess réttar sem launamenn í þrotabúum njóta úr Ábyrgðasjóði launa við gjaldþrot, sbr. lög nr. 88/2003.

31. Enginn ágreiningur er heldur með aðilum um að sóknaraðili vann að jafnaði mikla yfirvinnu hjá Skaganum 3X ehf. (félaginu) fyrir gjaldþrot þess. Einnig má vera ágreiningslaust, enda blasir það við í gögnum málsins, að greiðslur fyrir yfirvinnu fóru einvörðungu fram á grundvelli raunverulegrar vinnu, þ.e. greitt var fyrir sannanlega unnar vinnustundir sóknaraðila í þágu félagsins á hverju launatímabili, byggt alfarið á stimpilklukku, sem átti reyndar einnig við um dagvinnu. Engin merki eru sjáanleg um að sóknaraðili hafi borið sig nokkru sinni eftir því við félagið að föstum launakjörum yrði breytt á þann veg að greiðslur fyrir yfirvinnu yrðu færðar varanlega inn í launakjör hans, óháð því hvort slík vinna yrði unnin, eða að forsvarsmenn félagsins hafi ljáð máls á slíku.

32. Ekki verður ágreiningur gerður um að réttur launþega til launa á uppsagnarfresti getur ekki aukist þegar til gjaldþrots launagreiðanda kemur. Engin lagarök standa til slíkrar niðurstöðu sem gengi enda og gegn þeirri meginreglu sem gildir um jafnræði kröfuhafa undir þeirri sameiginlegu fullnustugerð sem gjaldþrotaskipti eru. Því verður við úrlausn málsins að staðreyna réttindi sóknaraðila gagnvart félaginu fyrir gjaldþrot þess. Þar verður út frá meginreglunni, sbr. og 72. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., að skoða raunverulega stöðu en ekki hver hún mögulega hefði átt að vera.

33. Dómurinn hafnar þeirri málsástæðu sóknaraðila að raunveruleg kjör hans hjá félaginu sem hann eigi að njóta áfram við gjaldþrot félagsins hafi verið þau að hann hafi átt lögvarða kröfu til greiðslna fyrir fasta yfirvinnu, þ.e. án tillits til þess hvort hún væri unnin. Þvert á móti bendir ekkert til þess að aðilar þessa samningssambands til fjölda ára hafi litið svo á. Dómurinn telur þannig blasa við að hefði t.a.m. orðið verkefnaskortur hjá félaginu á starfstíma þess þannig að engin fyrirliggjandi verkefni hefðu kallað á yfirvinnu hefði sóknaraðili ekki átt rétt á öðrum greiðslum frá félaginu en fyrir dagvinnu og önnur sannanlega umsamin föst kjör. Til marks um eðli vinnusambandsins, sem hlýtur að endurspeglast í niðurstöðu málsins, verður þannig ekki séð að sóknaraðili hafi átt lögvarða kröfu á hendur félaginu á líftíma þess til að krefjast greiðslna á grundvelli þess að raunverulegt samningssamband hans við félagið hefði vaxið þannig að greiðsla fyrir yfirvinnu væri föst og lögvarin óháð raunverulegum vinnustundum.

34. Dómurinn telur með sama hætti að sóknaraðili hefði ekki getað knúið félagið, þ.e. gegn vilja þess, til að gera skriflegan samning um slík kjör og því síður standa lagarök til þess að slá föstum einhverjum slíkum rétti og launakjörum launþegans, byggt á meðaltali í tiltekinn tíma, á grundvelli þess að félagið hafi ekki sinnt skyldu til að gera skriflegan ráðningarsamning sem endurspeglar slík meint kjör. Vanræksla vinnuveitanda til að gera skriflegan ráðningarsamning getur sem slík almennt ekki fært launþega önnur og betri kjör en hann raunverulega nýtur þótt

slík vanræksla geti mögulega fellt sönnunarbyrðina á vinnuveitandann um hver slík eru. Hér er að mati dómsins ekki uppi neinn slíkur vafi þannig að reyni á slíka sönnunarreglu.

35. Ljóst má vera að hefði félagið verið áfram í fullum rekstri og verkefnastaðan góð hefði sóknaraðili mjög líklega unnið talsverða yfirvinnu áfram líkt og jafnan og þá uppskorið í samræmi við það. Í þeim skilningi hefur sóknaraðili orðið fyrir tjóni þar sem afstaða skiptastjóra felur í sér að hann nýtur engra greiðslna fyrir yfirvinnu á uppsagnarfresti. Sú afstaða endurspeglar hins vegar þá staðreynd að vinnuframlag sóknaraðila á uppsagnarfresti var ekkert enda starfsemi félagsins hætt við gjaldþrot þess.

36. Dómurinn telur því óhjákvæmilegt að hafna kröfum sóknaraðila gagnvart varnaraðila. Krafan verður ekki reist á samningi aðila eða meintri venju í samningssambandinu fyrir gjaldþrot; hún verður ekki til á þeim grundvelli að skorti á ítarlegri ráðningarsamning, verður ekki reist á kjarasamningi og verður ekki studd við 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991. Tjón sóknaraðila í skilningi ákvæðisins gat ekki orðið meira en hann hefði þurft að bera á hefðbundnum uppsagnarfresti við uppsögn ef félagið hefði haldið gjaldfærni og haldið áfram starfsemi án þess að í boði væri yfirvinna. Enn síður gat hann vænst hærri bóta við starfslok vegna gjaldþrots félagsins.

37. Kröfum sóknaraðila í málinu er því hafnað og eins og málið er vaxið og kröfugerð er háttað þykir jafnframt rétt að staðfesta í dómsorði afstöðu skiptastjóra í samræmi við kröfugerð hans.

38. Í samræmi við úrslit málsins, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 2. mgr. 178. gr. laga nr. 21/1991, verður sóknaraðili dæmdur til að greiða varnaraðila málskostnað. Mál þetta er, sbr. framangreint, rekið samhliða öðru máli sem er eins í öllum aðalatriðum. Þá var upplýst við aðalmeðferð málsins að niðurstaða þessa ágreinings hefði áhrif á fjölda annarra krafna fyrrum launþega félagsins í sambærilegri stöðu. Er tekið tillit til framangreinds við ákvörðun málskostnaðar, auk þess sem litið er til umfangs málsins. Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn 600.000 kr.

39. Málið fluttu fyrir dómi Daníel Isebarn Ágústsson lögmaður fyrir sóknaraðila og Helgi Jóhannesson lögmaður fyrir varnaraðila.

40. Úrskurð þennan kveður upp Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari á Vesturlandi.

ÚRSKURÐARORÐ

Kröfum sóknaraðila, Marcin Lukasz Zurowski, um að viðurkennt verði að krafa hans, að fjárhæð 8.341.826 kr., njóti stöðu í réttindaröð samkvæmt 1. mgr. 112. gr. nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. við gjaldþrotaskipti á varnaraðila, þrotabú Skagans 3X ehf., er hafnað. Staðfest er afstaða skiptastjóra varnaraðila til kröfu sóknaraðila nr. 92 á kröfuskrá um að 3.424.250 kr. af lýstri kröfu eru samþykktar sem forgangskrafa samkvæmt 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., en 4.917.576 kr. af lýstri kröfu er hafnað.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 600.000 kr. í málskostnað.

Lárentsínus Kristjánsson